

Stofnanapáttur kjarasamnings Veiðimálastofnunar og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) á Veiðimálastofnun, samkvæmt ákvæðum kjarasamnings félagsins (FÍN) og fjármálaráðherra, frá 18. mars 2005.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 11. gr. kjarasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og fjármálaráðherra sem gerður var 26. júlí 2001, og framlengingu á þeim samning sem undirrituð var 18. mars 2005, auk fylgiskjala með honum. Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í FÍN sem starfa hjá Veiðimálastofnun.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um:

- a) að koma á launakerfi sem stuðlar að þróun starfsmanna og stofnunar.
- b) að uppfylla gagnkvæmar þarfir og væntingar starfsmanna og stofnunar og verður einn liður í því árleg viðtöl milli forstöðumanns/deildarstjóra stofnunarinnar og starfsmanna auk gerðar starfsáætlunar
- c) að einfalda launakerfið og gera það gagnsætt.
- d) að gera launakerfið hvetjandi og stuðla þannig að aukinni framlegð stofnunarinnar.
- e) að koma á kjarabótum á grundvelli aukinnar menntunar, ábyrgðar og afkasta.
- f) að jafnræði verði í launum fyrir sambærileg störf.

3. Yfirfærsla í nýja launatöflu 1. maí 2006

Við yfirfærslu úr eldra launakerfi hinn 1. maí 2006 skal enginn lækka í dagvinnulaunum. Nánari skilgreining á yfirfærslu í nýja launatöflu og þróun launakerfis 1. maí 2006 og styrkingu/þróun launakerfis 1. maí 2007 er í fylgiskjali 1 með samningi þessum.

4. Skilgreining starfsheita og röðun í launaflokka

Við röðun í launakerfi skal miða við viðvarandi/stöðugt verkssvið starfsmanns.

Starfsheiti

N-I Lfl. = 04

Náttúrufræðingur án verkefnastjórnunar. Náttúrufræðingur sem vinnur undir stjórn sérfræðings að einu eða fleiri verkefnum.
Eftir 3 mánuði í starfi flyst starfsmaðurinn í starfsheitið N-II.

N-II Lfl. = 06

Náttúrufræðingur án verkefnastjórnunar. Náttúrufræðingur sem vinnur undir stjórn sérfræðings að einu eða fleiri verkefnum. Er með 3 mánaða starfsreynslu.
Ef starfsmaður tekur að sér stjórn verkefna tímabundið eða hefur ritað skýrslur í nafni stofnunar flyst hann í starfsheitið S-I.

S-I Lfl. = 07

Sérfræðingur með verkefnisstjórn.
Sérfræðingur sem stjórnar einu eða fleiri verkefnum.
Ef starfsmaður tekur að sér túlkun og úrvinnslu gagna og hefur verið fyrsti höfundur að skýrslum eða tímaritsgreinum sem ritaðar eru í nafni Veiðimálastofnunar flyst hann í starfsheitið S-II.

S-II Lfl. = 10

Sérfræðingur með verkefnisstjórn.
Sérfræðingur sem stjórnar einu eða fleiri verkefnum,
sér um túlkun og úrvinnslu gagna og hefur verið fyrsti höfundur að
skýrslum/tímaritsgreinum sem ritaðar eru í nafni Veiðimálastofnunar.

S-III Lfl. = 13

Sérfræðingur með verkefnisstjórn.
Sérfræðingur sem stjórnar einu eða fleiri verkefnum og
hefur starfað við stofnunina í a.m.k. 1 ár. Er ábyrgur
fyrir samskiptum við aðila utan stofnunarinnar, vegna
verkefna sinna á stofnuninni.

S-IV Lfl. = 15

Sérfræðingur með deildarstjórn eða
sérfræðingur með faglega stjórnun, mannaforráð,
áætlanagerð og eftirlit fyrir viðkomandi deild.

Starfsmenn sem eru í framhaldsnámi við stofnunina raðist að lágmarki í Lfl. 01. Af launum sem greidd eru af styrkfé verði heimilt að semja sérstaklega um starfshlutfall í hverju tilviki milli starfsmanns og framkvæmdastjóra stofnunarinnar, en í viðurvist trúnaðarmanns FÍN.

5. Álögur ofan á grunnlaun

Aðilar hafa orðið ásáttir um að meta neðangreinda þætti til hækkunar grunnlauna a.m.k. sem hér segir:

5.1. Menntun að loknu BS-prófi:

BS-honour (120 einingar)	1 lfl.
Meistarapróf	2 lfl.
Doktorspróf	4 lfl.

Viðbótar framhaldsgráða á háskólastigi sem nýttist í starfi 1 lfl.

Viðurkennd námskeið sem nýtast í starfi, samtals 4 einingar. Ein eining telst nám sem talið er ígildi einnar viku í vinnu samkvæmt skilgreiningu Háskóla Íslands. Hámark er 1 launaflokkur á hverju fimm ára tímabili frá gildistöku samkomulags þessa að telja. 1 lfl.

5.2. Áhætta:

Eiturefnaálag, ef starfsmaður vinnur að staðaldri með eftirtalin efni : krabbameinsvaldandi efni, ofnæmisvaldandi efni, geislavirk efni, leysiefni eða spiritus fortis. Áhætta vegna vinnu við ár og vötn (bátsferðir, einmenningsvinna við ár/vötn/sjó, rafmangsveiðar o.fl.)	1 lfl.
--	--------

6. Afkastahvetjandi þættir

Til að gera launakerfið afkastahvetjandi og stuðla að sveigjanleika í verkefnum stofnunarinnar, hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi greiðslur til starfsmanna á forni yfirvinnutíma. Aðeins er greitt fyrir þætti sem eru á fagsviði stofnunar. Séu fleiri en einn sem koma að kynningu eða öðru því sem hér að neðan er tilgreint skal tímafjöldi deilast niður eftir samkomulagi hlutaðeigandi. Áður en greinaskrif eru hafin skal leita samþykkis næsta

yfirmanns. Ef ritverk, erindi eða veggspjaldakynning er afurð samstarfsverkefna fleiri stofnana er greitt í hlutfalli við aðild Veiðimálastofnunar að verkinu. Framkvæmdastjóri eða deildarstjóri metur verkið í samráði við viðkomandi sérfræðing.

	Tímafjöldi
A. Rit, erindi eða aðrar kynningar	
A1.	
Bók, fræðirit	70 - 100
Grein birt í ritrýndu tímariti skráð í SCI gagnagrunn	70 - 100
Grein birt í öðru ritrýndu fræðiriti eða bókarkafli	30 - 50
Grein birt í ráðstefnuriti eða bókarkafli	20 - 40
Yfirlitsgreinar eða samantekt og birting langtímarannsókna	30 - 50
Grein í óritrýndu riti t.d. blaðagrein, Freyr, Veiðimaðurinn	15
Fræðilegar skýrslur	5 - 30
Ritstjórn á fræðibók	30 - 50
A2.	
Erindi á vísindaráðstefnu	10
Inngangsfyrirlestur á ráðstefnu	15
Fræðilegt erindi á smærri málþingum, vinnusmiðjum o.s.frv.	5
Erindi flutt fyrir félagasamtök í nafni stofnunarinnar	2
A3.	
Veggspjaldakynning á vísindaráðstefnu	8
Veggspjaldakynning á fræðslufundum	4
B. Annað	
Óvenju umfangsmikil verkefni t.d. skipulagning á ráðstefnu, koma upp tækjabúnaði, undirbúningur og skipulagning verkefna	10 - 100
Þátttaka og virkni í alþjóðlegu vísindasamstarfi	10 - 100

7. Yfirvinna á föstum vinnustað

Aðilar eru sammála um að ekki sé unnin yfirvinna á föstum vinnustað, utan þess sem um getur í lið 6, nema sérstaklega standi á og þá með samþykki framkvæmdastjóra.

8. Yfirvinna í rannsóknarferðum fjarri heimili og föstum vinnustað

Aðilar eru sammála um að vinna fjarri heimili og föstum vinnustað skuli eftir því sem kostur er unnin virka daga. Undantekningar frá því skulu vera í samráði við framkvæmdastjóra. Greitt skal fyrir yfirvinnu í rannsóknarferðum þannig að allt að 5 yfirvinnutímar greiðist virka daga en allt að 10 yfirvinnutímar laugardaga og sunnudaga.

9. Grunnrannsóknir – ráðstefnur

Til þess að örva það að rannsóknir á Veiðimálastofnun komi fyrir sjónir annarra fræðimanna og almennings eru samningsaðilar ásáttir um eftirfarandi:

Leitast skal við að gefa sérfræðingum sem verið hafa í starfi hjá stofnuninni í lengri tíma færi á að verja vinnutíma í fullvinnslu gagna og greinaskrifa á fagsviði stofnunarinnar og þurfi þeir ekki að sinna öðrum verkefnum á meðan.

Á sama máta skal leitast við að gefa sérfræðingum færi á að sækja alþjóðlegar ráðstefnur með reglubundnum hætti til að kynna verk sín og afla þekkingar frá öðrum. Stofnunin greiði kostnað við ráðstefnufarir. Áætlun um þessi atriði verði tekin inn í starfsáætlun sérfræðinga.

10. Sveigjanlegur vinnutími

Starfsmenn skulu eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma í samráði við yfirmann. Þegar vinnuskylda hefur verið uppfyllt skal starfsmaður eiga kost á að taka yfirvinnu sem unnin er út í fríi í samráði við yfirmann. Skal leitast við að samkomulag sé um slíka ráðstöfun áður en vinna fer fram. Skal frítökutími hafa ígildi yfirvinnu í tímalengd. Gefist starfsmanni ekki

kostur á að nýta sér uppsafnaðan frítökurétt, skal hann greiddur út í árslok.

11. Vísiregla

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmanni eða öðrum starfsmönnum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

12. Gildistími


Samningur þessi gildir frá 1. maí. 2006. Endurskoða skal samninginn á gildistímanum óski annar hvor aðilinn þess. Verði breyting á starfsemi stofnunar, eða meginverkefnum hennar, skal gerð nauðsynleg endurskoðun á stofnanasamningi þessum.

Reykjavík 23. maí 2006

F.h. Veiðimálastofnunar,



F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga,



Fylgiskjal 1

Með stofnanasamningi milli Félags íslenskra náttúrufræðinga og Veiðimálastofnunar frá 1. maí 2006

Ný launatafla og þróun launakerfis samkvæmt samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga undirrituðum 18. mars 2005.

Aðilar að stofnanasamningi þessum eru sammála um að við vörpun í nýja launatöflu 1. maí 2006 skuli starfsmenn Veiðimálastofnunar sem varpast í launaflokki 19 eða neðar í nýju launatöflunni hækka um einn aukalaunaflokk frá og með 1. maí 2006. Þann 1. maí 2007 skulu þeir starfsmenn Veiðimálastofnunar sem þá verða í launaflokki 20 eða ofar hækka um einn launaflokk.

Bókun 1

Aðilar að stofnanasamningi þessum eru sammála um að greiðslur vegna flutnings erinda á smærri málþingum, vinnusmiðjum eða fyrir félagasamtök í nafni stofnunar (grein 6) skerði ekki greiðslur á yfirvinnu sem kemur til ef viðkomandi erindi eru flutt utan hefðbundins dagvinnutíma.

Bókun 2

Núverandi starfsmenn Veiðimálastofnunar sem fengið hafa 3 launaflokka vegna meistaraþrófs eða sambærilegrar menntunar halda þeim launaflokkum til frambúðar þrátt fyrir breytingar á álögum ofan á grunnlaun fyrir menntun samkvæmt grein 5.1.